

✉ Umsögn - Aðalskipulagstillaga Bolungarvíkurkaupstaðar 2020-2032

Búið til	10.3.2021 11:41:13
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	10.3.2021 11:41:11
Tilheyrir	📁 202102-0033 - Aðalskupulagstillaga 2020-2032

Efni

Umsögn - Aðalskipulagstillaga Bolungarvíkurkaupstaðar 2020-2032

Upplýsingar

Sent	10.3.2021 11:41:11	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	bolungarvik@bolungarvik.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0033 (LÁ)

Aðalskipulagstillaga Bolungarvíkurkaupstaðar 2020-2032

Vísað er til bréfs frá skipulags- og byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, dags. 12. febrúar 2021, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands gefst kostur á að koma með athugasemdir við aðalskipulagstillögu Bolungarvíkur 2020-2032.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda aðalskipulagstillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. **Hverfisverndarsvæði HV-2 í Skálavík**, en um það segir á bls. 64: „Til að ná markmiðum um menningar- og búsetuminjar er ytri hluti Skálavíkur hverfisverndaður, merkt HV-2 á uppdrætti. Þetta er sá hluti víkurinnar sem ber sterkust einkenni af sveitinni sem þar var. Þar er gert ráð fyrir tjaldsvæði, gönguleiðum og bættu aðgengi að svæðinu og upplýsingum fyrir gesti, sbr. kafla um ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að fjölga megi frístundahúsum en þess gætt að þau falli vel að yfirbragði byggðarinnar sem fyrir er. Lögð er áhersla á styrkja ímynd sveitarinnar í Skálavík.“

Innan hverfisverndarsvæðisins eru ráðgert að reisa allt að 9 frístundahús, með tillit til ofanflóðahættu, til viðbótar þeim húsum sem fyrir eru. Auk þessa er afmarkað afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF-3, og um það stendur á bls. 158: „Bílastæði og aðstaða fyrir ferðamenn. Einnig er gert ráð fyrir tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu, vatnssalernum og þjónustuhúsi.“

Náttúrufræðistofnun vill beina þeim tilmælum til Bolungarvíkurkaupstaðar að lögð verði áhersla á að viðhalda náttúrulegri ásýnd svæðisins og búsetulandslagi í Skálavík eins og kostur er. Með frístundabyggð fylgir oft gróðursetning á framandi tegundum sem getur haft áhrif á staðbundinn gróður og yfirbragð svæðisins.

2. Tvær efnisnámur eru inn vatnsverndarsvæðis:

- **E-1, Skálavíkurheiði, Hærríkross** – storkubergsnáma ófrágengin; 100.000 m³, 5 ha
- **E-5, Hlíðardalur** – setnáma óskráð; 20.000 m³, 2,3 ha

Náma E-5 er staðsett nær miðju grannsvæðis vatnsverndar og náma E-1 er bæði innan fjar- og grannsvæðis. Náma E-5 er í nálægð vatnsból VB-2, hún er ofan við Hlíðará og vatnsból VB-1 sem þar er. Mengunarslys í þessari námi gæti haft neikvæðar afleiðingar á vatnsból Bolungarvíkur. Þar að auki liggur vegurinn yfir í Skálavík og vegur upp á Bolafjall um vatnsverndarsvæðið. Með aukinni þjónustu og afþreyingu (merkt VP-1) upp á Bolafjalli, frístundabyggð og ferðamannasvæði í Skálavík, má búast við meiri umferð um vatnsverndarsvæðið og aukinni hættu á mengunarslysum.

Náttúrufræðistofnun leggur til að Bolungarvíkurkaupstaður geri varúðarráðstafanir er varða vatnsverndarsvæðið, efnisnám og umferð um það.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulags- og matslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image001.png (11 KB)